

aðallega að taka tillit til þarfa hlutaðeigenda, en þó einnig til þess, hve lengi vitavörðurinn hefir þjónað, og hve mikið hann hefir lagt til sjóðsins, Fje sjóðsins skal ávaxta á sem hentugastan 6. júní hátt að áliti stjórnaiunar. **135**

3. gr.

Styrkveitingar úr sjóðnum fara fram eins og hjer segir: A hverju ári má úthluta alt að 50% af tekjum sjóðsins árið á undan, þangað til sjóðurinn er orðinn 10000 kr., því næst 60% þangað til hann er orðinn 20000 kr., 70% til 30000 kr., 80% til 40000 kr. og 90% úr því. Fje það, sem ekki er útlutað á ári hverju, er lagt til höfuðstólsins, sem ekki má skerða.

4. gr.

Sjóðurinn er eign allra vitavarða, og er hann undir stjórn þriggja manna, sem sjeu: vitamálastjóri, og tveir vitaverðir, er allir vitaverðir kjósa til tveggja ára í senn, en eftir fyrsta árið fer annar þeirra frá eftir hlutkesti; á sama hátt eru kosnir tveir varamenn, er taka til starfa í forföllum hinna og þegar þeir eru við fyririggjandi mál riðnir. Sjóðurinn er undir umsjón stjórnarráðs Íslands og birtist ársreikningurinn í B-deild Stjórnartíðinda.

Fyrir hönd »Sjúkra- og styrktarsjóðs vitavarða Íslands«.

Reykjavík, 19. febrúar 1919.

Th. Krabbe,
vitamálastjóri.

Auglýsing

um breyting á hafasögutaxta fyrir Isafjarðarkaupstað
frá 16. febrúar 1904.

Í stað 1. gr. 2. málsg. komi:

Fyrir skip	40—100	smálestir	15 kr.
— —	100—200	—	20 —
— —	200—400	—	25 —
— —	400—700	—	30 —
— —	700 smál. og þar yfir	—	35 —

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 6. júní 1919.

Sigurður Jónsson

Oddur Hermannsson,